

Fundargerð fræðsluráðs

166. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 2. desember kl. 15 haldinn í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Þorsteinn Guðmundsson varamaður.

Fundarritari: G. Kristín Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 15:05

2. Önnur mál.

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs og Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans Ásgarðs eru mættar á fundinn. Guðrún Lára gerði grein fyrir þróunarverkefni og viljayfirlýsingu stjórnenda í leik- og grunnskóla A-Húnavatnssýslu, Húnaþingi vestra og leikskólanum á Hólmanvík að vinna að sameiginlegri heildstæðri mál-og læsistefnu með það að markmiði að efla málþroska og færni allra nemenda beggja skólastiga er varðar læsi í víðum skilningi. Ásthildur Snorradóttir talmeinafræðingur kom vegna þróunarverkefnisins Málþroski og læsi. Hún greindi einnig frá nema frá Þýskalandi sem hefur hug á að koma og starfa með leikskólanum í þrjár vikur. Guðrún Lára greindi frá því að opnun leikskólans á Borðeyri verða 3 dagar í viku eftir áramót. Auglýsa á eftir starfsmanni á leikskólann Ásgarð í 60% starf sem hefja á störf 1 janúar n.k.

2. Ekkert tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Ekki fleira tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:15

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson

Ingibjörg Auðunsdóttir

Þorsteinn Guðmundsson